



### Fundargerð

Mánudaginn 16. maí 2022 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16:00. Notast var við fjarfundabúnaðinn Teams. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Sigurgeir Þór Jónasson og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir varamaður.

Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

##### 1. Ársreikningur 2021

Fyrir fundinum lá ársreikningur samstæðu Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavetninga sem unninn var af Davíð Búa Halldórssyni endurskoðanda hjá Enor. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðu byggðasamlagsins námu kr. 296,8 millj. en voru kr. 267,7 millj. árið 2020 og hafa hækkað um 10,9% á milli ára. Rekstrarniðurstaða var neikvæð á árinu um kr. 19,9 millj. í samanburði við kr. 2,3 millj. jákvæða niðurstöðu árið 2020. Heildareignir námu í árslok kr. 219 millj. og eigið fé var um kr. 78,7 millj. Eigið fé samstæðunnar lækkaði um rekstrarhalla ársins sem má skýra að mestu leyti af hækkun launakostnaðar sem og kostnaði vegna reksturs dómsmáls sem tapaðist en málið varðaði túlkun á ákvæði í kjarasamningi varðandi bakvaktargreiðslur til starfsmanna. Þessir þættir settu mark sitt á reksturinn.

Stjórn fór yfir ársreikning og samþykkti hann síðan.

##### 2. Samningur Sæborgar við Sjúkratryggingar Íslands

Fyrir fundinum lá samkomulag um framlengingu á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins Sæborgar frá 27. desember 2019, sbr. síðari breytingar. Með samkomulaginu er ofangreindur samningur framlengdur til og með 31. mars 2025. Var samningurinn lagður fram til kynningar.

##### 3. Tímabundinn ráðningasamningur við fræðslustjóra í afleysingum

Fyrir fundinum lágu drög að tímabundnum ráðningasamningi við Berglindi Hlín Baldursdóttur sem mun sinna starfi fræðslustjóra tímabundið í fjarveru Þórdísar Hauksdóttur sem er að fara í námsleyfi. Ráðningin er tímabundin til eins árs frá 1. ágúst 2022 – 31. júlí 2023. Stjórn fór yfir fyrirbyggjandi drög og fól framkvæmdastjóra að ganga frá ráðningu.



### 4. Önnur mál

a. Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað frá félagsmálastjóra Söru Lind Kristjánsdóttur dags. 16. maí 2022. Í minnisblaðinu kemur fram að umfangsmiklar breytingar séu framundan í fyrirkomulagi á rekstri barnaverndarþjónustu í sveitarfélögunum vegna gildistöku laga um samþættingu í þágu farsældar barna og samhliða breytingar á gildandi barnaverndarlögum nr. 80/2002. Með breytingunum verða pólitískt skipaðar nefndir lagðar niður og svokölluð barnaverndarþjónustusvæði og umdæmisráð skipuð. Ráðuneytið hefur ítrekað frestað gildistöku en áætlað er að gildistakan verði um næstu áramót. Félagsmálastjóri óskar eftir því að þeir fulltrúar sem sitja í Félagsmálaráði, sem er barnaverndarnefnd byggðasamlagsins, sitji áfram þar til breytingarnar taka gildi.

b. Jón Gíslason formaður stjórnar þakkaði stjórn fyrir samstarfið síðustu fjögur ár og vel unnin störf bæði stjórnarmanna og starfsfólks félags- og skólaþjónustunnar á líðandi kjörtímabili.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 17:00

#### Stjórn:

Jón Gíslason

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Sigurgeir Þór Jónasson

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

#### Starfsmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir